



Reglur um val á landsliði fyrir Evrópumót í pílukasti 2016 (25. júní 2015)

1. Tímasetning

Europe Cup 2016 verður haldið í Hollandi í september 2016. Ráðgert er að landslið Íslands, fjórir karlar og fjórar konur, verði valið í byrjun júnímánaðar 2016.

2. Stigamót og stigalistar

Stigamót verða eins og venja hefur verið. Fyrir Evrópumót 2016 gilda stigamót á tímabilinu frá og með júlí 2015 til og með maí 2016. Að meðtöldu Íslandsmóti í maí 2016 eru því fjórir sjáanleg stigamót a.m.k. 12 talsins. Hjá hverjum keppanda eru talin stig fyrir 10 bestu mót hans. (Verði keppendur þá jafnir, skal telja fleiri mót innan tímabilsins. Ef það nægir ekki, má telja stig dýrmætari eftir því sem þau eru nýrri.) Stjórn ÍPS getur heimilað að önnur opin mót gefi stig, skal mótshaldari þá sækja um það tímanlega og ef samþykkt verður skal tilkynnt með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara að mótið telji til stiga. Að veltu verða stigamót einnig á Norðurlandi og gildir sérstakur stigalisti þar.

3. Landsliðsval

Karlar:

Efsti maður Suðurlands fær strax boð um sæti í liðinu. Á röðunarmóti mæta keppendur í sætum 2.-9. þeim sem verða í sætum 1-4 á Norðurlandi í keppni um hin þrjú sætin í liðinu. Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.)

	S2	S3	S4	S5	S6	S7	S8	S9	N1	N2	N3	N4
S2	■	1	1	1	1	1	1	1				
S3	0	■	1	1	1	1	1	1				
S4	0	0	■	1	1	1	1	1				
S5	0	0	0	■	1	1	1	1				
S6	0	0	0	0	■	1	1	1				
S7	0	0	0	0	0	■	1	1				
S8	0	0	0	0	0	0	■	1				
S9	0	0	0	0	0	0	0	■				
N1									■	1	1	1
N2									0	■	1	1
N3									0	0	■	1
N4									0	0	0	■

Konur:

Á röðunarmóti mæta fjórar efstu á stigalista Suðurlands fjórum efstu á stigalista Norðurlands. Stjórn ÍPS áskilur sér rétt til að bæta við 9. keppandanum á mótið (án vinninga). Leiknir verða þeir leikir sem þarf til að ljúka meðfylgjandi riðli. (1 og 0 tákna vinning og tap, en enga skráða leggi.)

	S1	S2	S3	S4	N1	N2	N3	N4	X
S1	■	1	1	1					
S2	0	■	1	1					
S3	0	0	■	1					
S4	0	0	0	■					
N1					■	1	1	1	
N2						■	1	1	
N3						0	■	1	
N4						0	0	■	
X									■

4. Röðunarmót

Keppni er fyrirhuguð laugardag 28. maí 2016. Þeir sem ekki mæta fyrirgera rétti sínum til landsliðssætis. (Óviðráðanlegar fjarvistir verða e.t.v. athugaðar.) Keppendur skulu skrá sig á röðunarmót með viku fyrirvara. Ef einstaklingur hyggst ekki mæta á röðunarmót er heimilt að fara neðar á stigalista. Að einstaklingur keppi á röðunarmóti er túlkað sem staðfesting á áhuga hans á viðkomandi landsliðsverkefni, en felur þó ekki í sér formlega skuldbindingu þar að lútandi.

5. Styrkur vegna ferðakostnaðar er óákveðinn.

6. Fyrirvari og athugasemdir

Reglurnar eiga við Evrópumót 2016. ÍPS áskilur sér rétt til að gera nauðsynlegar breytingar af ófyrirsjáanlegum ástæðum. Ef sérstakar ástæður gefa tilefni til frávíka áskilur stjórn ÍPS (í samráði við landsliðsjálfara) sér rétt til þess að velja einn keppanda í landslið eða einn keppanda til þátttöku á röðunarmóti (af hvoru kyni). Skal slíkri ákvörðun fylgja rökstuðningur og hann birtur tímanlega. Ef ekki tekst að fylla landslið samkvæmt reglum getur stjórn ÍPS valið keppendur sem vantar.